

Miðvikudaginn 25. febrúar 1976.

Nr. 130/1974. Dánarbú Guðjóns Halldórs Benediktssonar og Samvinnutryggingar g/t

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Gunnari H. Gunnarssyni og

Almennum Tryggingum h/f

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og prófessor Sigurður Lindal.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Guðjón Halldór Benediktsson lést 2. janúar 1975, og hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 5. júlí 1974. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda Gunnars H. Gunnarssonar í máli þessu. Áfrýjandi dánarbú Guðjóns Halldórs Benediktssonar krefst þess, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum 151.557 krónur með 9% ársvöxtum frá 6. október 1973 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi Samvinnutryggingar g/t málskostnaðar úr hendi stefnda Gunnari H. Gunnarssyni í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Af gögnum máls er ljóst, að akstursskilyrði voru slæm, en hvorugur ökumanna sýndi næga aðgæslu við aksturinn. Ber því að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að þeir eigi báðir sök á árekstrinum. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt að skipta sök að jöfnu. Úrslit málsins verða því þau, að stefndu verða óskipt dæmdir til að greiða áfrýjanda dánarbúi Guðjóns

Halldórs Benediktssonar 75.779 krónur með 9% ársvöxtum frá 6. október 1973 til greiðsludags og 30.000 krónur í málskostnað í héraði. Áfrýjendur greiði óskipt stefnda Gunnari H. Gunnarssyni 72.373 krónur með 9% ársvöxtum frá 6. október 1973 til greiðsludags og 30.000 krónur í málskostnað í héraði.

Málskostnaður til áfrýjenda fyrir Hæstarétti ákveðst 45.000 krónur. Þar af greiði stefndi Gunnar H. Gunnarsson einn áfrýjanda Samvinnutryggingum g/t 15.000 krónur, en stefndu óskipt áfrýjanda dánarbúi Guðjóns Halldórs Benediktssonar 30.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Gunnar H. Gunnarsson og Almennar Tryggingar h/f, greiði óskipt áfrýjanda dánarbúi Guðjóns Halldórs Benediktssonar 75.779 krónur með 9% ársvöxtum frá 6. október 1973 til greiðsludags og 30.000 krónur í málskostnað í héraði.

Áfrýjendur, dánarbúi Guðjóns Halldórs Benediktssonar og Samvinnutryggingar g/t, greiði óskipt stefnda Gunnari H. Gunnarssyni 72.373 krónur með 9% ársvöxtum frá 6. október 1973 til greiðsludags og 30.000 krónur í málskostnað í héraði.

Stefndi Gunnar H. Gunnarsson greiði einn áfrýjanda Samvinnutryggingum g/t 15.000 krónur, en stefndu óskipt áfrýjanda dánarbúi Guðjóns Halldórs Benediktssonar 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 16. maí sl., hefur Gunnar H. Gunnarsson, Skeiðarvogi 3, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. desember 1973, á hendur Guðjóni H. Benediktssyni, Skipholti 26, Reykjavík, og Samvinnu-

tryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 144.746 auk 10% ársvaxta frá 6. október 1973 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og krafist sýknu og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómara.

Þá hefur stefndi Guðjón Halldór Benediktsson með stefnu, bitri 17. desember 1973, höfðað gagnsök á hendur stefnanda í aðalsök, Gunnari H. Gunnarssyni. Kröfur gagnstefnanda eru þær, að gagnstefndi og Almennar Tryggingar h/f hér í borg verði dæmd in solidum til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 151.557 með 9% ársvöxtum frá 6. október 1973 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómara.

Af hálfu gagnstefndu, Gunnars H. Gunnarssonar og Almennra Trygginga h/f, eru gerðar dómkröfur um algera sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður í gagnsökinni.

Sátt hefur verið reynd, en án árangurs.

Tilfni máls þessa er, að um kl. 2000 laugardaginn 6. október 1973 var bifreiðinni R 9086, af Sunbeam-gerð, ökumaður Gunnar Gunnarsson, sonur stefnanda, ekið aftan á fólksbifreiðina R 10634, af Peugeot-gerð, ekinni af stefnda, sem jafnframt er eigandi bifreiðarinnar. Gerðist þetta á Grensásvegi, neðan gatnamóta Sogavegar og Grensásvegjar. Nánari atvik voru þau, að R 9086 var ekið norður Grensásveg. Grensásvegurinn er þarna aðalbraut og hallar til norðurs. R 10634 var ekið af Sogaveginum og inn á Grensásveginn, en umferð af Sogavegi er biðskyld fyrir umferð um Grensásveg. Steingirðing nær út á horn gatnanna, og skyggir hún á útsýni af Sogaveginum suður Grensásveginn og öfugt. Er R 10634 hafði verið ekið inn á Grensásveginn og nokkuð eftir honum með stefnu á gatnamót Miklubrautar og Grensásvegjar, en ætlun ökumanns var að aka bifreiðinni eftir miðakrein Grensásvegjar og yfir gatnamótin, var R 9086 ekið aftan á hana. Miklar skemmdir urðu á báðum bifreiðunum. Hvor bifreiðaeigenda leit aði til váttryggingarfélags hins um bætur fyrir tjón sitt, en bæði félögin synjuðu alfarið bótaábyrgð. Skýrslur voru teknar af öku mönnum á árekstursstað. Þeir hafa komið til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglu. Þá hafa tvö vitni gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Þá hefur eitt vitnið í viðbót komið hér fyrir dóm-inn. Verður nú nokkuð rakið úr framburðum þessum.

Ökumaður bifreiðarinnar R 9086 skýrði svo frá á árekstursstað,

að hann hafi komið akandi norður Grensásveg með ca 40—45 km hraða og ætlað að beygja austur Miklubraut. Hann hafi þá séð bifreiðina R 10634 koma mjög skyndilega inn á Grensásveginn frá Sogavegi og í veg fyrir bifreið hans. Hann hafi reynt að afstýra árekstri með því að hemla og sveigja undan, en ekki tekist. Hann hefur vefengt uppdrátt lögreglu af vettvangi, að því er varðar árekstursstað. Telur hann áreksturinn hafa átt sér stað nokkru sunnar á Grensásveginum, á mótis við afleggjara vegarins til austurs. Hér fyrir dóminum kveðst hann hafa verið um 30 m frá gatnamótum Sogavegar og Grensásvegar, þegar hann fyrst varð var R 10634. Skömmu síðar hafi hann orðið þess áskynja, að bifreiðin hélt áfram inn á gatnamótin. Hann hafi þá hemlað aðeins og reynt að sveigja frá, en síðan hemlað algerlega. Hann gerði ekki ráð fyrir því, að hann hefði verið alveg kominn að gatnamótunum, þegar hann byrjaði að hemla. Þegar hann steig algerlega á bremsuna, hafi hann hins vegar verið kominn fram hjá gatnamótunum og R 10634 þá inn á götuna. Hann kvaðst hafa verið á 45 km hraða, en þegar hann ók á, hafi hraðinn verið orðinn eitthvað minni. Hann hafi lítið verið búinn að hemla, en þó nokkuð. Það hafi lítið þýtt að hemla, þar sem var grenjandi rigning. Þá hafi rigningin líka haft áhrif á skyggnið.

Aðalstefndi skýrði svo frá á vettvangi, að hann hafi komið akandi vestur Sogaveg. Þar á gatnamótum við Grensásveg hafi hann numið staðar, en síðan ekið af stað, þar sem hann taldi bifreið, sem kom honum á vinstri hönd, það langt undan, að í lagi væri að aka inn á gatnamótin. Hann hafi ekið 20—30 m eftir Grensásveginum, er bifreiðinni R 9086 var ekið aftan á bifreið hans. Við áreksturinn hafi bifreið hans kastast áfram og yfir gatnamót Grensásvegar og Miklubrautar. Í skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglunni segist hann hafa valið miðakreinina til aksturs yfir Miklubrautina og hafi verið kominn þar, sem strikin sýna akbrautarskiptingu, þegar áreksturinn varð. Árekstursstaðurinn sé rétt sýndur á uppdrætti lögreglunnar. Fyrir dómi mótmælti hann því, að hann hefði farið fyrirvaralaust inn á Grensásveginn, þó þar væri aðeins biðskyldumerki og blindhorn. Hann fari þarna mörgum sinnum á dag og stoppi alltaf. Hann hafi séð bifreið uppi á Grensásveginum ofarlega og fundist allt í lagi að aka inn á Grensásveginn. Hann hafi séð bifreiðina, þegar hann var stöðvaður á Sogaveginum, þrátt fyrir blindhornið. Bifreiðin hafi verið mjög ofarlega á Grensásveginum, ekki uppi við Breiðagerði, en langleiðina, að því er hann taldi. Breiðagerði er næsta gata fyrir

ofan Sogavegin, sem liggur inn á Grensásveginn. Hann taldi ekki möguleika á, að þarna hefði verið um aðra bifreið að ræða en bifreið stefnanda. Hann hafi síðan ekki vitað af R 9086, fyrr en hún lenti aftan á hans bifreið.

Hann skýrði svo frá, að bifreið hans hefði verið óökufær eftir slysið og hefði hann ekki getað notað hana til leiguaksturs, en hann er leigubifreiðarstjóri. Bifreiðin hafi stanslaust verið í viðgerð, eftir að hún komst inn á verkstæði. Hann kvaðst ekki geta stundað aðra vinnu en leiguakstur vegna fyrrverandi sjúkleika.

Jón Hallsson bankastjóri hefur gefið skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu og komið fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa ekið norður Grensásveginn, næst á eftir bifreiðinni R 9086. Ökuhraðinn hafi verið mjög eðlilegur miðað við aðstæður. Heldur hafi verið dimmt vegna rigningar og bleyta á akbrautinni. Þegar kom niður undir gatnamót Sogavegar, hafi hann séð ljós bifreiðar, sem honum virtist koma viðstöðulaust af Sogaveginum inn á Grensásveginn. Fyrsta hugsun hans hafi verið, að árekstur hlyti að verða, og engum togum hafi skipt, að R 9086 hafi lent aftan á bifreiðinni, eftir að hún var komin inn á Grensásveginn. Ökumaður R 9086 hafi hemlað um leið og hafi bifreið hans þá nærfellt snúist í hálfhring á blautri götunni. Áreksturinn hafi orðið á mótis við miðju afleggjara Grensásvegar til austurs. Hér fyrir dómnum áleit Jón, að ökumaður R 9086 hafi byrjað að hemla fyrir mótum Sogavegarins. Hann kvaðst sjálfur hafa verið á mjög eðlilegum hraða, ef til vill um 40—45 km hraða. Hann bjóst við, að heldur hafi dregið í sundur með honum og bifreiðinni, sem á undan var. Hann sagði, að ekki hefði verið gerlegt að aka fram hjá bifreiðinni, sem ekið var inn á Grensásveginn. Hann hefði ekki sjálfur treyst sér til þess. Hann áleit sig hafa verið um 50—100 metra frá gatnamótum Sogavegar, þegar R 10634 var ekið inn á götuna, og R 9086 hefði verið um 30—40 metra á undan honum.

Jónas Hallgrímur Jónasson hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og jafnframt komið hér fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa komið vestan Miklubrautina og ekið beygjubrautina að Litaveri við Grensásveginn. Hann hafi tekið eftir leigubifreiðinni R 10634, sem kom af Sogavegi, og einnig eftir bifreið, sem kom norður Grensásveginn. Slæmt veður hafi verið til aksturs, rigning og mjög dimmt. R 10634 hafi verið ekið mjög hægt inn á Grensásveginn og beygt síðan norður götuna. Bifreiðinni, sem ekið var norður Grensásveginn, hafi verið ekið á mikilli ferð og hafi honum ekki fundist ökumaðurinn haga akstri sínum miðað við að-

stæður. Hann hafi ekki veitt ökutækinu mikla athygli í fyrstu, en þegar hann heyrði hemlahljóð, þá hafi honum verið litið upp og séð, að R 9086 hafi hemlað og runnið sleitulaust, þar til hún lenti aftan á R 10634. Höggið hafi verið mjög öflugt og hafi bifreiðin R 10634 kastast áfram og yfir gatnamótin. Hann taldi uppdrátt af árekstursstað nokkuð réttan. R 10634 hafi verið komin fram hjá afleggjaranum til austurs af Grensásvegi og ekki hafi verið annað að sjá en að ökumenn beggja bifreiðanna ætluðu norður yfir Miklubrautina.

Helga Ólafsdóttir hefur komið fyrir dóminn, en hún var farþegi í R 9086. Hún sagði, að þau hefðu verið að koma niður Grensásveginn á hægri akrein og verið komin á móts við Sogaveginn, þegar leigubifreiðinni var ekið út á Grensásveginn. Áreksturinn hafi orðið við miðlínu við afleggjarann út á Miklubrautina til austurs. Hún taldi hraða R 9086 hafa verið um 45—50 km miðað við klst.

Af hálfu aðalstefnanda og stefndu í gagnsök er málssóknin byggð á 68. og 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Því er haldið fram, að þar sem Grensásvegurinn nýtur aðalbrautarréttar fyrir Sogaveginum, sé ljóst, að bifreiðin R 10634 hafi verið í algerum órétti. Ökumanni hennar hafi borið að stöðva á gatnamótunum og víkja fyrir þeim bifreiðum, sem aðalbrautarréttar nutu. Með aksturslagi sínu hafi stefndi Guðjón Halldór Benediktsson brotið í bága við 37., 38., 41., 48. og 49. gr. umferðarlaga. Aðalstefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

- a) Viðgerðarkostnaður skv. reikningum kr. 132.746
- b) Afnotamissir bifreiðar — 12.000

Samtals kr. 144.746

Stefndu og gagnstefnandi byggja kröfur sínar í málinu á því, að ökumaður bifreiðar stefnanda hafi einn átt sök á umræddum árekstri. Bifreið stefnanda hafi verið ekið allt of hratt og bersýnilega mun hraðar en bifreiðarstjóri hennar vilji vera láta. Komi það fram af því, að bifreið stefnda hafi ekki aðeins verið komin inn á Grensásveg og í beina stefnu norður þá götu, er áreksturinn varð, heldur í að minnsta kosti 20 m fjarlægð frá Sogavegi. Sérstaklega sé þetta athyglisvert, ef þess sé gætt, að bifreið stefnda hafi verið ekið mjög hægt. Þá sé það til marks um hraða bifreiðar stefnanda, hversu geysiharður áreksturinn

varð og hversu miklar skemmdir urðu á báðum bifreiðunum. Þessi mikli ökuhraði hafi verið mjög gáleysislegur, en með tilliti til mjög slæmra akstursskilyrða hafi hann verið vítaverður og stórhættulegur og stofnað öryggi annarrar umferðar og vegfaranda í mikla og bráða hættu. Í öðru lagi hafi R 10634 ekki brotið gegn biðskyldu við gatnamótin. Þessi málsástæða sé samvinnuð þeirri, sem áður sé reifuð um ökuhraða bifreiðar stefnanda. Aðalbrautarréttur sé því aðeins brotinn, að sá, sem inn á aðalbraut ekur, trufla eða torveldi akstur ökutækja um aðalbrautina, miðað við að ökuhraði ökutækja á aðalbrautinni sé innan löglegra marka.

Þá var af hálfu stefndu og gagnstefnanda vaxtakröfu mótmælt sem of hárrí. Eftir að stefnandi hafði lækkað kröfu sína um afnotamissi, var af hálfu stefndu ekki gerður tölulegur ágreiningur um upphæð krafna stefnanda.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfur sínar svo:

| | |
|--|------------|
| 1. Viðgerðarkostnaður, efni og vinna | kr. 76.557 |
| 2. Málun, efni og vinna | — 20.000 |
| 3. Afnotamissir | — 55.000 |

Samtals kr. 151.557

Krafan um afnotamissi er rökstudd þannig, að gagnstefnandi sé leigubifreiðarstjóri og hafi hann notað bifreið sína sem atvinnutæki. Hann hafi ekki haft afnot bifreiðarinnar í 50 daga. Vátryggingarfélög hafi á þessum tíma greitt 1.100 í dagpeninga til leigu-bifreiðarstjóra. Gagnstefnandi hafi átt erfitt með að stunda aðra vinnu og honum hafi því ekki nýst nefnt tímabil til tekjuöflunar á öðrum vettvangi.

Af hálfu gagnstefndu var við munnlegan flutning málsins ekki gerður tölulegur ágreiningur um kröfu stefnanda.

Álit dómsins.

Grensásvegurinn nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Sogavegi. Ökumanni R 10634 bar því, sbr. 3. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968, skilyrðislaust að víkja fyrir ökumanni R 9086. Þá bar honum, þar sem blindhorn er honum á vinstri hlið, að sýna sérstaka aðgæslu. Þegar aksturslag hans og aðstæður á vettvangi eru skoðaðar, framburður ökumanns R 9086 um fjarlægð bifreiðar hans frá gatnamótum Grensásvegar og Sogavegar, þegar hann verður bifreiðar stefnda fyrst var, en sá framburður hefur stoð af fram-

burðum vitnanna Helgu Ólafsdóttur og Jóns Hallssonar, verður ekki betur séð en stefndi Guðjón Halldór Benediktsson hafi vanmetið aðstæður, þegar hann ók inn á Grensásveginn af Soga-veginum. Þykir hann með aksturslagi sínu hafa brotið í bága við ákvæði 49. gr., 3. mgr., c liðar, laga nr. 40/1968. Þegar þetta allt er athugað, þykir stefndi eiga frumsök á árekstrinum.

Í ljós þykir leitt, að ökumaður R 9086 hefur, miðað við aðstæður, ekið of hratt. Samkvæmt framburðum hans sjálfs og vitnanna Helgu Ólafsdóttur og Jóns Hallssonar ók hann að minnsta kosti á 45—50 km hraða. Þegar tekið er tillit til þess, að skuggsýnt var, skyggni að öðru leyti lélegt, hált á götunni og niður brekku að fara, auk þess sem horn Sogavegar og Grensásvegur er blint, þykir hann hafa brotið gegn fyrirmælum 49. gr. laga nr. 40/1968. Af þessu leiðir, að hann þykir eiga sök á árekstrinum að hluta.

Þegar framangreind atriði eru virt og aðstæður allar, þykir rétt, sbr. 68. gr. laga nr. 40/1968, að skipta tjóni þannig milli öku-tækja, að R 10634 beri $\frac{2}{3}$ tjóns, en R 9086 $\frac{1}{3}$ tjóns. Niðurstaða aðalsakar verður því sú samkv. 69. gr., 1. mgr., og 74. gr. og sbr. 70. gr., 1. mgr., laga nr. 40/1968, að stefndu skulu in solidum greiða stefnanda kr. 96.498 með vöxtum, sem þykja réttilega ákvarðaðir 9% ársvextir frá 6. október 1973 til greiðsludags. Samkvæmt úrslitum í aðalsök þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 30.000 í málskostnað í aðalsök.

Úrslit gagnsakar verða þau skv. 69. gr., 1. mgr., og 74. gr., sbr. 70. gr., 1. mgr., laga nr. 40/1968, að stefndu skulu in solidum greiða stefnanda kr. 50.519 með 9% ársvöxtum frá 6. október 1973 til greiðsludags. Samkvæmt niðurstöðu gagnsakar þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 25.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Guðjón Halldór Benediktsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði in solidum í aðalsök stefnanda, Gunnari H. Gunnarssyni, kr. 96.498 með 9% ársvöxtum frá 6. október 1973 til greiðsludags og kr. 30.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu í gagnsök, Gunnar H. Gunnarsson og Almennar Tryggingar h/f, greiði in solidum gagnstefnanda, Guðjóni Halldóri Benediktssyni, kr. 50.519 með 9% ársvöxtum frá 6. október 1973 til greiðsludags og kr. 25.000 í málskostnað, allt

innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri
aðför að lögum.

Föstudaginn 27. febrúar 1976.

Nr. 29/1976. **Valdstjórnin**
gegn
Þórönnu Bjarnfreðsdóttur og
Ólafi Gestssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og
Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Húsleit. Barnaverndarmálefni.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga
nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4.
febrúar 1976, sem barst Hæstarétti sama dag. Krefjast þau
þess, að úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1976
verði úr gildi felldur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur krafist staðfesting-
ar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn, þar á meðal
greinargerð frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Síðustu
skjöl bárust Hæstarétti 18. febrúar 1976.

Um miðjan september 1975, að því er ráðið verður af gögn-
um máls, var drengnum Bjarnfreði Ólafssyni komið til dval-
ar hjá hjónunum Guðrínu Benjamínsdóttur og Lárusi Bjarn-
freðssyni, Lambastaðabraut 2, Seltjarnarnesi. Á fundi Barna-
verndarnefndar Reykjavíkur 15. september 1975 var gerð
svohljóðandi bókun: „Barnaverndarnefnd Reykjavíkur sam-
þykkir að vinna að því, að drengurinn Bjarnfreður fari í
varanlegt fóstur til Lárusar Bjarnfreðssonar og Guðrúnar